

Alþingi  
Erindi nr. P 133/559  
komudagur 5.12.2006

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

4. desember 2006

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20061100126/kg

### Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál.

Umhverfisstofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar um frumvarp það sem síðar varð að núgildandi lögum um olúgjald og kílómetragjald. Stofnunin ítrekar þá skoðun að stefna beri að því að hvetja til notkunar sparneytnari dísilbíla. Þegar fyrrgreint frumvarp var til umræðu kom ekki fram að tilgreint olúgjald ásamt viðbættum virðisaukaskatti myndi leiða til þess að dísilolífa gæti orðið dýrari en bensín (eins og nú er raunin). Telur stofnunin að þessi tilhögun dragi úr hvatningu fyrir bifreiðaeigendur að skipta yfir í dísilbíla.

Í greinargerð með þessu frumvarpi sem hér er til umfjöllunar kemur fram að með því sé brugðist við þeim vandamálum sem hafi komið upp við framkvæmd laganna. Saknar Umhverfisstofnun þess að ekki skuli vera tekið tillit til framangreinds þáttar í þessari endurskoðun.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Umhverfisstofnun
Áb. <i>KG</i>
23 APR. 2004
<i>01</i>
Tilv. <i>UST20040400255</i>

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun  
Lárusbrú 10, 101 Reykjavík  
Sími: 570 8000  
Félagsnúmer: 5708000  
Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)  
Vefsíða: [www.ust.is](http://www.ust.is)

20. apríl 2004  
Skjalanúmer: 01  
Tilvísun: UST20040400254/KG

### Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849.

Nokkur umfjöllun hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um kosti og galla díselbifreiða og hvort hvetja eigi til aukins hluta þeirra á kostnað bensínknúinna bifreiða.

Umhverfisstofnun benda á eftirfarandi varðandi mun á mengun frá díselknúnum og bensínknúnum bifreiðum miðað við akstur sömu vegalengdar, sbr. og umfjöllun í VI. kafla greinargerðar með frumvarpinu:

- Díselknúnar bifreiðar eyða talsvert minna eldsneyti miðað við sambærilega vélarstærð.
- Díselknúnar bifreiðar losa því minna af gróðurhúsalofttegundum en sambærilegar bensínbifreiðar.
- Díselknúnar bifreiðar menga minna af kolsýring og léttum rokgjörnum vetniskolefnum vegna fullkomnari brennslu á eldsneytinu.
- Díselknúnar bifreiðar menga hinsvegar meira af köfnunarefnisoxíðum, þungum vetniskolefnum og rykögnum (sót) sem geta innihaldið margvísleg skaðleg mengunarefni.

Núverandi kerfi þungaskatts og kílómetragjalds byggir ekki á eyðslu farartækja og stuðlar því að mati Umhverfisstofnunar ekki að auknum hluta sparneytnari díselbifreiða þar sem hlutfallslega minni kostnaðarauki er fyrir bíleiganda af eyðsluaukningu díselbifreiða en þegar um bensínknúnar bifreiðar er að ræða. Umhverfisstofnun telur meiri umhverfishagræði að því að gjöld á bifreiðar endurspegli eyðslu þeirra – og þar með mengun. Stofnunin mælir með því að stuðlað verði að notkun sparneytnari bifreiða og telur að breyting frá núverandi kerfi þungaskatts yfir í olúgjald sé jákvætt skref á þeirri braut.